

## Breytingartillögur

við frv. til l. um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 6. gr. Í stað orðanna „hefur verið dæmdur“ í 1. tölul. b-liðar 1. mgr. komi: hann hefur verið dæmdur.
2. Við 10. gr. C-liður 1. mgr. falli brott.
3. Við 12. gr. Í stað orðanna „Hver sem í starfi sínu“ komi: Hverjum sem í starfi sínu.
4. Við 16. gr. 3. mgr. orðist svo:  
Bótakrafa fyrnist á tveimur árum frá því að tjónþoli fékk vitneskju um skráningu í upplýsingakerfið.
5. Við 19. gr. B-liður orðist svo: hæfis- og öryggiskröfur sem starfsmenn lögreglu eða Útlendingaeftirlits verða að fullnægja til að starfa við upplýsingakerfið, sbr. 2. mgr. 10. gr.
6. Við 20. gr. Greinin orðist svo:  
Lög þessi öðlast þegar gildi.